

Bæjarstjórn Garðabæjar  
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri.  
Garðatorg 7  
210 Garðabær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
Haraldur I. Haraldsson, bæjarstjóri.  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Bæjarstjórn Kópavogs  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri.  
Digranesvegur 1  
200 Kópavogur

Garðabær 31. janúar 2018

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 29. janúar 2018 var lagt fram uppgjörsskjal frá Brú lífeyrissjóði vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna og kröfur um afturvirkar greiðslur lífeyrisskuldbindinga. Fyrirliggur krafa frá lífeyrissjóðnum um greiðslu kr. 18.795.056 í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð sbr.eftirfarandi sundurgreiningu:

**1. Framlag í jafnvægisjóð**

Heilbrigðiseftirlit Hafnf/Kópsv skuldbindur sig hér með til að greiða 3.859.006 kr. framlag í jafnvægisjóð A-deildar Brúar eigi síðar en 31.janúar 2018..

**2. Framlag í lífeyrisaukasjóð**

Heilbrigðiseftirlit Hafnf/Kópsv skuldbindur sig hér með til að greiða 13.485.206 kr. framlag í jafnvægisjóð A-deildar Brúar eigi síðar en 31.janúar 2018

**3. Framlag í varúðarsjóð**

Heilbrigðiseftirlit Hafnf/Kópsv skuldbindur sig hér með til að greiða 1.450.785 kr. framlag í varúðarsjóð A-deildar Brúar eigi síðar en 31.janúar 2018.

Ekki liggja fyrir gögn til að kanna réttmæti fjárhæða.

Heilbrigðisnefnd hefur falið framkvæmdastjóra að óska eftir fresti á afgreiðslu málsins við lífeyrissjóðinn meðan málið er til skoðunar í sveitarfélögunum sem að heilbrigðiseftirlitinu standa.

Heilbrigðisnefnd er nauðsynlegt að hafa samþykki aðildarsveitarfélaganna um afturvirkar greiðslur til lífeyrissjóðsins þar sem ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun.

Heilbrigðisnefnd óskar eftir að eiga viðræður við sveitarfélögin um á hvern hátt megi ljúka þessu máli

Virðingarfyllst,  
f. h. heilbrigðisnefndar.

*Guðmundur H. Einarsson*  
Guðmundur H. Einarsson  
framkvæmdastjóri.

